



<b>Kennari:</b> Árni Blandon	<b>Sk.st.</b>	<b>ÁB</b>
------------------------------	---------------	-----------

<b>Titill</b>	<b>LISTIR OG MENNING: Inngangur – Sjálfsnám - Leiklistarsaga</b>
<b>Námsgrein</b>	Listir og menning
<b>Viðfangsefni</b>	Kynning á ýmsum þáttum menningar og listar með áherslu á leiklistarsögu og nemendastýrt sjálfsnám í lista og menningarsögu
<b>Skammstöfun</b>	LIME1IN05
<b>Prep</b>	1
<b>Einingafjöldi</b>	5
<b>Lýsing</b>	<p>Nokkur helstu hugtök í listum og menningu kynnt með megináherslu á leiklistarsögu. Um það bil helmingur áfangans er á ábyrgð nemenda þar sem þeir velja sér vinfangsefni innan lista og menningar og velja sér þær aðferðir sem þeir kjósa til að koma efninu á framfæri til annarra nemenda áfangans.</p> <p><b>Ljósrit úr bókinni:</b> <i>Leiklistin í veröldinni</i> eftir Svein Einarsson.</p> <p>Helstu nöfn leiklistarsögunnar kynnt: Æskýlos, Aristóteles, Shakespeare, Ibsen, Strindberg, Sarah Bernhardt, Elenora Duse, Ellen Terry, Gordon Craig, Maurice Maeterlinck, Oscar Wilde, George Bernard Shaw, Anton Chekhov, Stanislavski, Edmund Rostand (Cyrano de Bergerac [Roxanne]), Gilbert og Sullivan (gamanóperettur, söngleikir), Artaud, Coleridge, Brecht, Laurence Olivier, Samuel Beckett og fleiri.</p> <p>Farið í menningarferð til Reykjavíkur þar á meðal í leikhús; ferðin hugsanlega skipulögð í samvinnu við áfanga í lífsleikni.</p> <p>Viðtalstími kennara: Fimmtudagar kl. 09:15-09:45</p> <p>Símanotkun í tímum ekki leyfð nema í verkefnavinnu.</p>
<b>Forkröfur</b>	Engar
<b>Pekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á eftirfarandi hugtökum og þáttum innan leiklistar (sem minna er fjallað um í kennslubókinni):</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• <u>Commedia dell'arte</u>, helstu persónur kommedíunnar, flokkun þeirra og einkenni – Harlekín, Púlsinella, Skaramúss, Kólumbína, Pantalón, Ísabella og Flavíó: Tívolí í Kaupmannahöfn.</li><li>• <u>Látbragðsleikur</u> (míma) á mismunandi tímum mannkynssögunnar: pantómime á Englandi; <i>Paradísarbörnin</i> í Frakklandi (Jean-Louis Barrault).</li><li>• <u>Leikhópar og einstaklingar</u>: San Francisco Mime Troupe (1959), Bread and Puppet Theatre (1961), El Teatro Campesino (1965), National Theatre of the Deaf (1967), <i>Rebelais</i> hjá Barrault (1968), <i>1789</i> hjá Théâtre du Soleil (1971) og verk Ítalans Dario Fo sem fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1997 fyrir hin pólitísku gamanleikrit sín.</li><li>• <u>Gríma, míma og Mummenschanz</u>: Einn frumlegasti leikhópur sem fram kom á síðari hluta 20. aldar; svissnesk-ítalskur hópur (grímubúningur, kjótkveðjuhátíð), sem var stofnaður árið 1972. Hann var með látbragðssýningu á Broadway í meira en tvö ár og kom fram</li></ul>

	<p>með skemmtiatriði á Óskarsverðlaunahátíð, kom oft fram í sjónvarpi hjá Prúðuleikurunum og í hinum fræga bandaríska sjónvarpsbarnatíma Sesame Street.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <u>Götumíma</u>: Robert Shields (San Francisco).</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tileinka sér þekkingu í listum og menningu með sjálfstæðum vinnubrögðum</li> <li>• Tjá sig um sögu leiklistar á hinum ýmsu tímum og formum</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Halda áfram námi á leiklistarsviði og í listum almennt</li> <li>• Vinna á sjálfstæðan hátt í sjálfsnámi</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Símat: Tvö próf í leiklistarsögu (10% + 10%), stórt hópverkefni í listum og menningu (40%) og tvö smærri verkefni annað hvort unnin einstaklingslega eða í pörum (20% + 20%).</p>

Með fyrirvara um breytingar  
Selfossi, ágúst 2017

---

Árni Blandon